



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík,
Seltjarnarnesbær, kt. 560269-2429, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi
Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði,
Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi,
Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ og
Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ
og
Samhjálp kt. 551173-0389, Skútuvogi 1g, 104 Reykjavík, gera með sér svohljóðandi

SAMSTARFSSAMNING **um þjónustu Samhjálpar við heimilislausa einstaklinga með** **miklar og flóknar þjónustuparfir**

1. gr.

Tilurð og markmið

Til að tryggja að heimilislausir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir hafi öruggt athvarf þegar kólna fer í veðri hafa sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að ganga að nýju til samstarfs við Samhjálp, sem mun lengja opnunartíma kaffistofu Samhjálpar yfir köldustu vetrarmánuðina.

Á tímabilinu 1. desember 2025 til 1. apríl 2026 lengdi Samhjálp opnunartíma kaffistofu Samhjálpar, frá kl. 14:00 til 16:30 alla daga vikunnar, á grundvelli samstarfssamningsins.

Lengdur opnunartími er til þess fallinn að bregðast enn betur við vanda heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir.

2. gr.

Þjónusta sem samið er um

Samhjálp mun lengja opnunartíma kaffistofu Samhjálpar þannig að hún verði opin fyrir ofangreindan hóp frá kl. 14:00 til 16:30 alla daga vikunnar frá 1. desember 2025 til 1. apríl 2026. Vinnutími er þó til kl. 17:30 þar sem ganga þarf frá og þrifa. Vaktstjóri þarf eftir atvikum að vera til kl. 17:30 eða á meðan þrifteymi lýkur við sína vinnu.

Seinni parts vaktir verða skipaðar teymi fjögurra starfsmanna hverju sinni, ásamt því sem þrifteymi kemur í lok dags. Tveir vaktstjórar skipta með sér vöktum og er annar þeirra ábyrgur fyrir teyminu hverju sinni. Tvískipt teymi sér auk þess um skráningar, áfyllingar á veitingar og kaffi ásamt uppvaski og frágangi.

Ætlunin er að bjóða kaffi, mjólk, djús, heita súpu og brauðmeti ásamt meðlæti á lengdum

opnunartíma. Auk þess er að bjóða eitthvað til dægrastyttingar fyrir gesti kaffistofunnar á þessum tíma, svo sem eins og kvikmyndasýningar og tónlistaratriði á aðventunni. Þetta er þó gert án endurgjalds af hálfu Samhjalpar.

Sérstök áhersla verður lögð á að skapa starfsfólki Samhjalpar tækifæri til að eiga samtöl við þjónustuþega (gesti). Könnun meðal þjónustuþega (gesta) sem gerð var í kjölfar síðasta samnings sýndi að þjónustuþegar (gestir) óskuðu eftir að geta átt aukin samtöl við starfsfólk.

Starfsfólk frá vettvangshluta VoR-teymis Reykjavíkurborgar munu mæta á kaffistofuna á ofangreindu tímabili, eftir atvikum daglega, og veita þjónustuþegum (gestum) stuðning.

Frá og með 1. desember 2025 verður matstofa Kaffistofu Samhjalpar staðsett að Grensásvegi 46. Vegna fjarlægðar við gistiskýli borgarinnar mun Samhjalp bjóða upp á akstur fyrir skjólstaðinga gistiskýlanna.

3. gr.

Ábyrgð

Samhjalp ber ábyrgð á öllu því sem tengist rekstri á framlengdum opnunartíma kaffistofunnar, þ.m.t. starfsmönnum. Samhjalp ber einnig ábyrgð á akstri frá neyðarskýlum inn á kaffistofu Samhjalpar.

4. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Sveitarfélög greiða Samhjalp samtals yfir samningstímann kr. 2.800.000 á mánuði (tvær milljónir og átta hundruð þúsund) í fjóra mánuði fyrir ofangreinda þjónustu við heimilislausa einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Greiðslur sveitarfélaganna eru greiddar í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags eða nánar tiltekið sem hér segir:

	Íbúafjöldi	Hlutfall	Hlutur sveitarfélags
Reykjavík	138.772	55,80%	6.249.600
Kópavogur	40.040	16,10%	1.803.200
Hafnarfjörður	31.525	12,70%	1.422.400
Garðabær	20.116	8,10%	907.200
Mosfellsbær	13.715	5,50%	616.000
Seltjarnarnes	4.585	1,80%	201.600
	248.753	100,00%	11.200.000

Íbúafjöldi í sveitarfélögum miðast við 1. janúar 2025, heimild: hagstofan.

Greiðslur verða greiddar af hálfu hvers sveitarfélags til Samhjalpar í jöfnum greiðslum í samræmi við ofangreinda sundurliðun, 1. janúar 2026, 1. febrúar 2026, 1. mars 2026 og 1. apríl 2026. Greiðslur skulu greiddar inn á reikning Samhjalpar kt. 551173-0389 á bankareikning 0322-26-40040.

5. gr.

Samskipti samstarfsaðila

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum í gegnum tengiliði. Í byrjun janúar 2026 verður gert stöðumat á samningnum. Tilnefna skal einn tengilið frá sveitarfélögunum og einn frá Samhjálp í þessu tilliti. Tengiliður sveitarfélaganna er Soffía Hjördís Ólafsdóttir deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir á Vesturmiðstöð hjá Reykjavíkurborg. Tengiliður Samhjálp er Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Samhjálp runa@samhjalp.is.

6. gr.

Upplýsingagjöf og árangur

Talning og skráning gesta mun fara fram daglega. Þetta er mikilvægt svo mæla megi notkun og greina frá kyngreindum tölulegum upplýsingum um þá sem nýta þjónustuna. Starfsfólk kaffistofunnar gerir þjónustukönnun meðal notenda einu sinni í mánuði á samningstímabilinu. Þá verður settur upp kassi sem þjónustuþegar geta skilað nafnlausum bréfmíðum í um hvað þeim finnst vera gott við þjónustuna og hvað megi betur fara.

Samhjálp deilir með sveitarfélögunum ópersónugreinanlegri tölfræði hvers mánaðar, þ.e. hversu margir nýttu sér þjónustuna, skipt eftir kyni og sveitarfélögum. Í lok samningstímans skilar Samhjálp heildartölum ásamt stuttri samantekt um gang verkefnisins.

7. gr.

Þagnarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Talning og skráning þjónustuþega mun fara fram daglega á vegum Samhjálp. Um er að ræða skráningu á fjölda einstaklinga, kennitölu, nafni, lögheimilissveitarfélagi og kyni.

Vinnsla persónuupplýsinga er á ábyrgð Samhjálp og ber í því tilliti að fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 m.a. er varðar fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga.

Engum persónugreinanlegum upplýsingum verður miðlað frá Samhjálp til sveitarfélaganna.

Starfsfólk sveitarfélaga og verktakar sem á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélag veita stuðningsþjónustu eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

8. gr.

Uppsögn

Verði um vanefndir á þjónustu að ræða á samningstímanum geta samningsaðilar sagt samningnum upp skriflega með tveggja vikna fyrirvara.

9. gr.

Ágreiningur, vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila skulu þeir leitast við að jafna ágreining sinn. Ef um verulegar vanefndir er að ræða er hægt að krefjast tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er sveitarfélögum heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Samhjálp á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

10. gr.

Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvers aðila samkvæmt samningnum.

11. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

12. gr.

Breytingar á samningi.

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

13. gr.

Gildistími

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá 1. desember 2025 til 1. apríl 2026.

Reykjavík 4. nóvember 2025

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Samhjálpur

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarness